



Alþingi
Erindi nr. P 131/1195
komudagur 7.4.2005

UMBOÐSMAÐUR BARNNA

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 6. apríl 2005
Tilvísun: UB 0504/4.1.1

Efni: Frumvarp til laga um almannatryggingar, 587. mál, tannlæknakostnaður aldraðra, öryrkja og barna


Vísað er til bréfs heilbrigðis- og trygginganefndar Alþingis, dagsett 17. mars 2005, þar sem óskað er eftir umsögn minni um ofangreint frumvarp.

Með frumvarpinu eru lagðar til breytingar á lögum um almannatryggingar, nr. 117/1993, sem miða m.a. að því að koma til móts við markmið *Heilbrigðisáætlunar til ársins 2010* um bættu tannheilsu barna og unglinga. Þá viðleitni tel ég mjög af hinu góða. Einnig vil ég fagna hækkun aldursmarka 2. mgr. 37. gr. laganna úr 15 árum í 18 ár og þeirri auknu greiðsluþátttöku ríkisins vegna tannlæknisþjónustu sem hækkunin hefur í för með sér. Þessi breyting felur í sér bættu réttarstöðu barna eldri en 15 ára og færir almannatryggingalögin til samræmis við þá meginreglu er birtist m.a. í barnalögum og Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna, að einstaklingur er barn að 18 ára aldri.

Hins vegar vil ég þó jafnframt benda á mikilvægi þess að farið sé varlega þegar ákvæði laga er varða mikilsverð réttindi borgaranna eru færð yfir í reglugerðir, þar sem mun einfaldara er fyrir stjórnvöld á hverjum tíma að breyta þeim. Réttindi barna til að njóta besta heilsufars og heilbrigðisþjónustu, þ.á m. tannlæknisþjónustu er tryggður í 24. gr. samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins en þar segir að aðildarríkin skuli tryggja að *hvert barn njóti besta heilsufars og aðstöðu til*



læknismeðferðar. Þá segir að yfirvöld skuli kappkosta að ekkert barn fari á mis við þennan rétt sinn til heilbrigðisþjónustu, þ.m.t. tannlæknaþjónustu.

Virðingarfyllt

Ingibjörg Ráfnar